

Í tilefni dagsins



Hannes Pétursson skáld

„Það er svo margt, ef að er gáð, /sem um er þörf að ræða,“ sagði afmælisbarn dagsins, Jónas Hallgrímsson, í veizlukvæði 1839. Þau orð eiga enn vel við. Hér verður þó aðeins drepíð á tvennt:

Fjallkonan, tákn Íslands, rekur ættir sínar aftur í hugmyndaheim Eggerts Ólafssonar um miðja 18. öld. Og nú hina síðari áratugi hefur sú kona stigið fram á Austurvelli í Reykjavík hvern þjóðhátíðardag, skrydd tignarlegum faldbúningi þeirrar tegundar sem Sigurður málari Guðmundsson hannaði um 1860, og ávarpað mannsöfnuð. Ekki veit ég hvernig það atvikaðist að nefndin sem stýrir hátíðarhöldum í Reykjavík 17. júní varð svo rugluð að hún heldur að Fjallkonan tákni íslensku þjóðina. En Fjallkonan táknar alls ekki þjóðina, heldur landið, náttúru Íslands frá jökklum til stranda, Fjallkonan er Ísland í kveggervi. Og ræða hennar skal sniðin eftir því: fösturföldin ávarpar börn sín.

Hinn 17. júní síðastliðinn sté glæsileg kona af erlendu bergi brotin fram í skryðu Fjallkonunnar og flutti ávarp sitt eins og að drekka vatn, en á fremur ógreinilegri íslensku sem ekki var gagnrýnisvert í sjálfu sér. Þetta átti víst að sýna fordómaleysi og um leið ræktarsemi í garð útlendinga víðsvegar að sem nú hafa tekið sér bólfestu í hrönnum á Íslandi. Sem sagt: fjölmenningsleg Fjallkona.

Ófáir eru þeir útlendingar sem hafa um langan aldur auðgað mannlíf okkar á ýmsa vegu hér í deyfðinni. Heiður sé þeim fyrir það. En eins og fyrr sagði táknar Fjallkonan Ísland sjálft, ekki íslensku þjóðina. Þess vegna getur sú persóna ein út af fyrir sig (sama hvaðan úr heimi hún er) sem býst gervi Fjallkonunnar í það og það skiptið með engu móti borið því vitni hversu frjálshuga og fjölmenningslegir Íslendingar séu orðnir. Slikt rúmast að réttu lagi ekki innan táknmyndarinnar. Hitt rúmast þar aftur móti að Fjallkonan hvetti til athafna í þágu sannrar fjölmennings, því sem tákngevingur landsins ávarpar hún alla Íslendinga, nýja borgara til jafns við okkur hin sem hér erum fædd og upp vaxin.

Það er svo eftir öðru að merking Fjallkonunnar skuli hafa þjágað: fæstir Íslendinga skilja lengur sjálfan þjóðsönginn. Þar fór fyrir eilífðar-smáblóminu eins og Fjallkonunni, fólk heldur að það tákni íslensku þjóðina. Af þessu leiðir að næstum átakanlegt getur verið að heyra vöskustu íþróttaiðkendur syngja af fremsta megni við upphaf landsleikja þennan lofsöng til guðdómsins í himinhæðum, alltaf er að sjá eins og þeir verði sem snöggvást lé magna þegar þar kemur í textanum að tár-vott smáblómið deyr. Þessir keppendur eru heldur en ekki til í slaginn hverju sinni fyrir hönd lands og lýðs („Nú á að taka það!“), en fyrst verða þeir að syngja um þjóð sem líkt er við grátandi og deyjandi blómjurt.

Þannig er hins vegar mál með vöxtum að smáblóm þetta táknar hreint ekki íslensku þjóðina, heldur þau þúsund ár sem hún hafði lifað í landinu þegar Matthías Jochumsson orti lofsönginn, þ.e. árpúsundið 874-1874. Sá tími er ekki lengri en einn dagur fyrir augliti guðs, stendur þar. Að gefnu tilefni kom greinarhöfundur þessari ábendingu á framfæri „í blaði allra landsmanna“ fyrir allnokkrum árum, en slíkt fyrnist auðvitað skjótt. ■

Söguleg breyting fram undan á barnavernd á Íslandi



Katrín Helga Hallgrímsdóttir framkvæmdastjóri Barnaverndar Reykjavíkur

Um næstu áramót lýkur áratuglangri starfsemi barnaverndarnefnda á Íslandi. Er hér um að ræða sögulega og mikilvæga breytingu á barnaverndarstarfi sveitarfélaga. Til starfa taka þá svokölluð umdæmisráð barnaverndar. Hlutverk umdæmisráða verður afmarkað við að kveða upp úrskurði um tiltekna íþyngjandi ráðstafanir í barnaverndarmálum. Er hér fyrst og fremst um að ræða ákvarðanir um vistun barna utan heimilis og ákvarðanir um umgengni kynforældra við börn í varanlegu föstri. Þetta úrskurðarvald hefur hingað til verið á hendi barnaverndarnefnda.

Umdæmisráð barnaverndar verða sjálfstæðar stjórnsýslueiningar á sveitarstjórnarstigi, aðskildar frá starfsemi barnaverndarþjónustu, sem fer með alla vinnslu barnaverndarmála frá degi til dags. Í dag eru þeir starfsmenn sem sinna barnaverndarmálum frá degi til dags starfsmenn barnaverndarnefnda. Um áramót verður því formlegur aðskilnaður milli starfsmanna barnaverndar og þeirra sem sjá um að kveða upp úrskurði í barnaverndarmálum.

Umdæmisráðin verða skipuð



þremur aðilum: Lögfræðingi sem er formaður, félagsráðgjafi og sálfræðingi. Í barnaverndarlögum eru gerðar ríkar kröfur um fagþekkingu og hæfni þessara aðila. Sveitarfélögum er falið að koma á fót umdæmisráðum og stefnir allt í að um áramót verði starfandi þrjú umdæmisráð á landinu. Eitt umdæmisráð í Reykjavík, annað fyrir höfuðborgarsvæðið utan Reykjavíkur og þriðja sem verði sameiginlegt umdæmisráð landsbyggðarinnar.

Það eru allra erfiðustu og þyngstu mál barnaverndar sem munu rata fyrir umdæmisráðin. Umdæmis-



Það er mikilvægt fyrir barnaverndarstarf í landinu að vel takist til við stofnsetningu umdæmisráðanna og traust ríki í þeirra garð.

ráðin þurfa því að hafa burði til að leysa erfið mál skjótt og vandlega.

Við undirbúning umdæmisráðs Reykjavíkur hefur áhersla verið lögð á að fylgja markmiðum og anda laganna og að ráðið verði faglega skipað, sjálfstætt og hafi burði til að sinna því veigamikla starfi sem því er falið lögum samkvæmt. Það er mikilvægt fyrir barnaverndarstarf í landinu að vel takist til við stofnsetningu umdæmisráðanna og traust ríki í þeirra garð.

Á undanförunum árum hefur Mannréttindadómstóll Evrópu kveðið upp nokkurn fjölda dóma gegn Noregi þar sem gerðar eru alvarlegar athugasemdir við afmarkaðan þátt barnaverndarstarfs þar í landi. Barnaverndarnefnd Reykjavíkur hefur vakið athygli á því að mikilvægt sé að endurskoða íslensk barnaverndarlög með hliðsjón af þessari þróun. Það mun falla í hlut umdæmisráða að taka tillit til þessarar túlkunar Mannréttindadómstóls Evrópu en um leið að starfa innan þeirra marka sem íslensk barnaverndarlög og áralöng stjórnsýsluframkvæmd þeirra kveður á um. Er hér um vandamt verk að ræða.

Það er von okkar allra sem störfum að barnaverndarmálum að tilkoma umdæmisráða verði til þess fallin að auka traust til barnaverndarstarfs í landinu. Barnavernd fer með mikið vald og það eru sjálfsgöð réttindi, bæði foreldra og barna, að fá endurskoðun faglegs og sjálfstæðs stjórnvalds á þeim ákvörðunum sem þar eru teknar. ■

Greiðsluáskorun

Innheimtumenn ríkissjóðs skora hér með á gjaldendur eftirtalinnar gjalda að gera skil nú þegar eða í síðasta lagi innan 15 daga frá dagsetningu áskorunar þessarar:

Gjöldin eru: Staðgreiðsla tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds sem fallið hefur í eindaga til og með 15. nóvember 2022, virðisaukaskattur sem fallið hefur í eindaga til og með 7. nóvember 2022 og önnur gjaldfallin álögð gjöld og ógreiddar hækkanir er fallið hafa í eindaga til og með 15. nóvember 2022, á staðgreiðslu tekjuskatts, útsvars og tryggingagjalds, virðisaukaskatti, virðisaukaskatti í tolli, vanskilum launagreiðenda á gjöldum í og utan staðgreiðslu, fjármagnstekjuskatti á skilaskylda aðila, áfengisgjaldi, bifreiðagjaldi, úrvinnslugjaldi, olíugjaldi, kílómetragjaldi, gistináttaskatti, fjársýsluskatti, vinnueftirlitsgjaldi, vörugjaldi af innlendri framleiðslu, vörugjaldi af ökutækjum, eftirlitsgjöldum, árgjöldum, aðflutningsgjöldum, skilagjaldi á umbúðir, fasteignagjöldum, skipulagsgjaldi, skipagjöldum, jarðarafgjaldi, sektum skattrannsóknarstjóra, ofgreiddri uppbót á eftirlaun, ofgreiðslu stuðnings úr ríkissjóði vegna greiðslu hluta launakostnaðar á uppsagnarfresti, eftirlitsgjaldi Fjármálaeftirlitsins, árgjaldi handhafa markaðsleyfis, veiðigjaldi og álögðum þing- og sveitarsjóðsgjöldum, sem eru:

Tekjuskattur og útsvar ásamt álagi á ógreiddan tekjuskatt og útsvar, útvarpsgjald, gjald í framkvæmdasjóð aldraðra, slysatryggingagjald vegna heimilisstarfa, auðlegðarskattur og viðbótar auðlegðarskattur, fjármagnstekjuskattur ásamt álagi á ógreiddan fjármagnstekjuskatt, ógreiddur tekjuskattur af reiknuðu endurgjaldi ásamt álagi, búnaðargjald, sérstakur fjársýsluskattur, sérstakur skattur á fjármálafrirtæki, jöfnunargjald alþjónustu, ofgreiddar barnabætur og ofgreiddar vaxtabætur.

Fjárnáms verður krafist án frekari fyrirvara að þeim tíma liðnum fyrir vangoldnum eftirstöðvum gjaldanna ásamt dráttarvöxtum og öllum kostnaði, sem af innheimtu skuldarinnar kann að leiða, á kostnað gjaldenda.

Athygli skal vakin á því að auk óþæginda hefur fjárnám í för með sér verulegan kostnað fyrir gjaldanda. Fjárnámsgjald í ríkissjóð er allt að 25.000 kr. fyrir hvert fjárnám. Þinglýsingargjald er 2.500 kr. auk útlagðs kostnaðar eftir atvikum. Er gjaldendur hvattir til að gera full skil sem fyrst til að forðast óþægindi og kostnað.

Þá mega þeir gjaldendur, sem skulda staðgreiðslu, staðgreiðslu tryggingagjalds, vörugjald, afdreginn fjármagnstekjuskatt, áfengisgjald, fjársýsluskatt, gistináttaskatt og virðisaukaskatt, búast við því að starfsemi þeirra verði stöðvuð án frekari fyrirvara, þeir gjaldendur er skulda bifreiðagjöld og kílómetragjald mega eiga von á að skráningarnúmer verði tekin af ökutækjum þeirra án frekari fyrirvara og þeir gjaldendur sem skulda gjöld þar sem lögveð fylgir mega búast við að send verð út sérstök greiðsluáskorun fyrir gjaldföllnum kröfum. Greiðsluáskorunin hefur ekki áhrif á þessi innheimtuúrræði þannig að fyrrgreindur 15 daga frestur frá dagsetningu áskorunar þessarar gildir ekki í þessum tilvikum.

Reykjavík, 16. nóvember 2022

Ríkisskattstjóri
Sýslumaðurinn á Vesturlandi
Sýslumaðurinn á Vestfjörðum

Sýslumaðurinn á Norðurlandi vestra
Sýslumaðurinn á Norðurlandi eystra
Sýslumaðurinn á Austurlandi

Sýslumaðurinn á Suðurlandi
Sýslumaðurinn í Vestmannaeyjum
Sýslumaðurinn á Suðurnesjum